

BRÁÐABIRGÐALÖG

122

2. ágúst

um loftvarnaráðstafanir.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Dómsmálaráðherra hefir tjáð ráðuneytinu, að rétt þyki til öryggis að setja ákveðnar reglur um varnir gegn loftárásum.

Með því að ráðuneytið fellst á, að brýn nauðsyn beri til að setja bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar um framangreind efni, telur það rétt að gefa út bráðabirgðalög á þessa leið:

1. gr.

Bæjar- eða sveitastjórnnum er heimilt í samráði við ríkisstjórnina að gera ráðstafanir til loftvarna í Reykjavík og annarstaðar hér á landi og verja til þess nauðsynlegu fé, er greiðist að hálfu úr ríkissjóði og að hálfu úr hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarsjóði.

2. gr.

Lögreglustjórar hafa með höndum framkvæmdir loftvarnanna, hver í sínu umdæmi, með aðstoð sérstakra loftvarnanefnda, er skipaðar skulu vera 4 mönnum í Reykjavík og 2 mönnum annarstaðar á landinu, auk lögreglustjóra. Bæjar- og sveitarstjórnir kjósa loftvarnanefndir en lögreglustjórar skulu vera formenn þeirra.

3. gr.

Bæjar- og sveitarstjórnnum skal skylt að aðstoða við framkvæmd þessara ráðstafana hverri á sínum stað, svo sem með því að ljá til þeirra hús sín og tæki, eftir því sem við verður komið og án sérstaks endurgjalds.

4. gr.

Það er almenn borgaraleg skylda að vinna án endurgjalds að undirbúningi loftvarna eftir fyrirmælum lögreglustjóra og loftvarnanefnda svo og hlýða öllum fyrirmælum og reglum varðandi loftvarnaráðstafanir samkvæmt lögum þessum, þar á meðal að taka þátt í fyrirskipuðum æfingum.

Lögreglustjórum og loftvarnanefndum er heimilt að taka kjallara og aðrar vistarverur einstakra manna, er nota má sem loftvarnabyrgi fyrir almenning og útbúa þau í því skyni enda komi sanngjarnt verð fyrir eftir samkomulagi eða að mati dómkvaddra manna.

5. gr.

Brot gegn lögum þessum, svo og fyrirmælum og reglum lögreglustjóra og loftvarnanefnda samkvæmt þeim varða 50—10000 kr. sektum, nema þyngri refsing varði, samkvæmt öðrum lögum.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Gjört í Reykjavík, 2. ágúst 1940.

Hermann Jónasson.

Eysteinn Jónsson.

Jakob Möller.

Ólafur Thors.

(L. S.)

Hermann Jónasson.